

# Minnisblað

Til: Bæjarráð  
Frá: Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri  
Dags. 11. nóvember 2022  
Mnr. 2022010031



ÍSAFJARÐARBÆR

---

## Umsögn Ísafjarðarbæjar vegna frumvarps til laga um breytingu á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga nr. 54/1971 o.fl. (Verkefnaflutningur til sýslumanns)

Ísafjarðarbær gerir ekki athugasemd við fyrirhugaðar breytingar á lögnum þar sem gert er ráð fyrir að starfsemi Innheimtustofnunar sveitarfélaga verði flutt til sýslumanns.

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar fagnar því að starfsemin verði í grunninn óbreytt og starfstöðvar verði áfram á höfuðborgarsvæðinu og á Ísafirði, sbr. inngang greinargerðarinnar með frumvarpinu. Þar segir jafnframt að samkvæmt skýrslu KPMG um faglegan og fjárhagslegan ávinning af færslu stofnunarinnar til ríkisins væri hægt að efla þá starfsemi sem Innheimtustofnun sveitarfélaganna hefur byggt upp á Ísafirði, en samdóma álit væri að vel hefði tekist til með uppbyggingu þeirrar starfsstöðvar.

Bæjarráð ítrekar bókun bæjarstjórnar frá 6. janúar 2021 um að staðið verði vörð um störf tengd innheimtu meðlaga í Ísafjarðarbæ og auk þess sem mikil sóknarfæri geta skapast til fjölgunar starfa og fleiri verkefna með því að samþætta starfsemina við aðra starfsemi opinberra stofnanna á vegum ríkisins.

Þá bendir bæjarráð á að með orðavali í 2. kafla greinargerðar með frumvarpinu sé ætlað að efla starfstöðina á Ísafirði, sem fagnað er sérstaklega, en þar segir: „Þá eru ótaldir aðrir kostir, svo sem tækifæri til að efla starfsstöð sýslumanns á Ísafirði. Verkefnaáætlun sem liggur fyrir vegna tilfærslu verkefna Innheimtustofnunar sveitarfélaga til sýslumanns miðar að því að efla starfsemina á Ísafirði með því að auglýsa laus störf á þeirri starfsstöð.“